

REGLUGERÐ

179

9. nóv.

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hluttryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Töluliður 15 og 25 í b-lið reglugerðarinnar orðist svo:

15. svæði: Arnarfjörður
 1. janúar — 31. maí
 1. október — 15. desember
25. svæði: Ólafsfjörður
 1. marz — 30. nóvember

2. gr.

Með reglugerð þessari fellur úr gildi töluliður 25 í 1. gr. reglugerðar nr. 75 30. apríl 1957, um breyting á reglugerð nr. 181 3. október 1953.

Reglugerðarbreyting þess er gerð samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hluttryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. nóvember 1957.

Lúðvík Jóseppson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

AUGLÝSING

180

14. nóv.

um staðfestingu á reglum nefnda til úthlutunar bóta samkvæmt lögum um atvinnuleysistryggingar.

Samkvæmt lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar, hefur ráðuneytið staðfest reglugerð fyrir eftirtaldar úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta, sbr. auglýsing ráðuneytisins nr. 16, B-deild Stjórnartíðinda, 7. febrúar 1957:

- | | |
|--|-----------------------------|
| 13. Nefnd Verkamannafélagsins Fram og Verkakvennafélagsins Brynja, Seyðisfirði | Staðfest:
24. júní 1957. |
| 14. Nefnd Verkalýðsfélagsins Bjarmi, Stokkseyri | 18. júlí 1957. |
| 15. Nefnd Verkamannafélagsins Baldurs, Ísafirði | 8. nóv. 1957. |
| 16. Nefnd Verkamannafélags Raufarhafnar, Raufarhöfn | 8. — 1957. |

Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1957.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.